

Miðvikudaginn 20. júní 1990.

Nr. 301/1989

og 39/1990.

### Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

### Hallgrími Jóhannessyni

(Páll A. Pálsson hrl.).

Fjárdráttur. Svik. Skjalafals. Tékkalagabrot. Málasamsteypa.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Með stefnu 7. júlí 1989 áfrýjaði ríkissaksóknari til Hæstaréttar, að ósk ákærða, en jafnframt af hálfu ákærvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu, dómi sakadóms Keflavíkur 19. júní 1989 í máli, sem höfðað hafði verið af hálfu ákærvalds gegn ákærða með ákærum 8. september 1987 og 20. júlí 1988. Þá hefur ríkissaksóknari með stefnu 10. janúar 1990, að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar á refsingu, áfrýjað dómi sakadóms Keflavíkur 27. nóvember 1989 í máli á hendur ákærða, er höfðað hafði verið með ákæru 29. ágúst 1989.

Málin hafa verið sameinuð og flutt í einu lagi fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti er nú af hálfu ákærvalds krafist staðfestingar hinna áfrýjuðu dóma, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd.

Af hálfu ákærða er krafist vægustu refsingar, sem lög leyfa, og komi gæsluvarðhaldsvist hans að fullu til frádráttar dæmdri refsingu.

Skaðabótakröfur þær, sem dæmdar voru í héraði, verða ekki teknar til meðferðar í Hæstarétti, þar sem verjandi ákærða og saksóknari hafa lýst því yfir við flutning málsins, að þeir æski þess ekki, sbr. 147. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

### A.

Í II. kafla ákæru 20. júlí 1988, 3. lið, er Helgi Kr. Eiríksson sagður vera Einarsson.

Þá eru nokkrar misritanir og villur í héraðsdómi 19. júní 1989:

Héraðsdómur var kveðinn upp 19. júní 1989, en ekki 15. júní, eins og þar er sagt.

Þegar héraðsdómari tekur upp VII. kafla ákæru frá 20. júlí 1988, er tékkinn í 1. lið ranglega sagður dagsettur 10. apríl í stað 7. apríl. Þá tvítekur hann 3. lið, en sleppir 2. lið, sem hljóðar svo: „Tékki nr. 498609, að fjárhæð kr. 91.500.-, dagsettur 10. apríl 1986 til Landsbanka Íslands, innleystur í Miklubrautarútibúi bankans 10. apríl 1986.“ Tékkunum er rétt lýst í ákæru og úrlausn héraðsdómara í samræmi við ákæruefni.

Í úrlausn héraðsdómara á XII. kafla ákærunnar frá 20. júlí 1988 hefur nafn Bjarna M. Jóhannessonar, bróður ákærða, verið ritað í stað nafns Jóhannesar B. Bjarnasonar, föður ákærða.

## B.

*Ákæra 8. september 1987.*

Ákærði er sakaður um að hafa falsað nafnritun Páls Sigurðssonar sem sjálfskuldarábyrgðarmanns á fjögur skuldabréf og nafnritun Guðmundar Jóhannessonar sem annars vitundarvottar að undirskrift og fjárræði sjálfskuldarábyrgðarmanna. Héraðsdómari sýknaði ákærða af því ákæruatriði að hafa falsað nafn Guðmundar, þar sem upplýst var, að ákærði hefði ritað nafn Guðmundar að honum viðstöddum og með samþykki hans. Ákærði var hins vegar sakfelldur fyrir að falsna nafn Páls, þar sem ósannað væri, að Páll hefði veitt ákærða leyfi til að rita nafn sitt. Ber að staðfesta þá niðurstöðu.

## C.

*Ákæra 20. júlí 1988.*

Fallist er á sakarmat héraðsdómara og heimfærslu til refsíákvæða, að því er varðar brot ákærða, sem lýst er í I., III., IV., V., VII., VIII., IX., X., XIII. og XIV. kafla ákæru.

Í II. kafla ákæru er ákærða gefið að sök að hafa fengið starfstúlku sína til að gefa út þrjá tékka á hlaupareikning Fáka sf. við Iðnaðarbanka Íslands hf., án þess að næg innstæða væri fyrir hendi, og hagnýtt sér síðan. Héraðsdómari taldi háttsemi ákærða varða við 73. gr. tékkalaga. Ákærði gaf ekki út framangreinda tékka og var því ranglega sakfelldur fyrir brot gegn 73. gr. tékka-

laga. Þar sem ákærvaldið krefst staðfestingar á héraðsdómi, ber að sýkna ákærða af þessu ákæruatriði.

Í VI. kafla ákærunnar er ákærði sakaður um að hafa dregið sér 6 víxla, samtals að fjárhæð 358.941 krónu, samþykktá af Sigríði Rut Thorarensen f.h. verslunarinnar Blazer, og 6 tékka útgefna af henni f.h. Blazer hf. með sömu fjárhæðum og gjalddögum og víxlarnir. Ákærði hefur viðurkennt að hafa gerst sekur um þá háttsemi, sem lýst er í þessum kafla ákæru. Í ákæru er brotinu lýst á þann veg, að ákærði hafi aðskilið tékkana og víxlana og ráðstafað þeim í sitt hvora áttina (sic), þannig að tékkarnir fylgdu ekki víxlunum, eins og um var samið við Sigríði Rut, og hafi ákærði þannig dregið sér alla tékkana og víxlana og notað í eigin þágu. Fyrir dómi skýrði ákærði svo frá, að fyrstu fjórir víxlarnir og fyrstu fjórir tékkarnir hefðu fylgst að, er hann notaði þau skjöl fyrir hönd fyrirtækisins H. Jóhannessonar heildverslunar. Samkvæmt gögnum málsins og viðurkenningu ákærða þykir sannað, að hann hafi hagnýtt sér alla sex tékkana, og ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms, hvað þá varðar. Viðskipti ákærða og Sigríðar Rutar virðast hafa verið flókin og margt óljóst í þeim efnum. Framangreindir víxlar hafa ekki komið fram í máli þessu, og verður að telja ósannað, að ákærði hafi hagnýtt sér víxlana með þeim hætti, að refsivert sé. Ber því að sýkna ákærða af ákæru um fjárdrátt, að því er víxlana varðar.

Í XI. kafla ákærunnar er ákærða gefið að sök að hafa falsað nafnritun bræðra sinna, Bjarna M. Jóhannessonar og Guðmundar Hj. Jóhannessonar, til skiptis sem samþykkjenda á 8 víxla, sem ákærði gaf út. Ákærði hefur viðurkennt að hafa ritað nöfn bræðra sinna, en kveðst hafa haft leyfi þeirra til þess. Þessu hafa bræðurnir neitað. Ákærði hefur ekki rennt nægum stöðum undir þá fullyrðingu sína, að hann hafi haft heimild bræðra sinna til ritunar nafna þeirra, og ber því að staðfesta úrlausn héraðsdómara um sök ákærða, að því er þennan lið ákæru varðar, og færslu til refsíákvæða.

Í XII. kafla ákæru er ákærði sakaður um að hafa falsað nafnritanir á þrjú skuldabréf, sem hann hafi notað til að blekkja með í lögskiptum. Um er að ræða nöfn bræðra hans, Bjarna M. Jóhannessonar og Guðmundar Hj. Jóhannessonar, nafn föður hans, Jóhannesar Bj. Bjarnasonar, nafn sambýliskonu hans, Sigurbjargar

Gísladóttur, og nafn Páls Sigurðssonar. Ákærði hefur viðurkennt að hafa ritað nöfn þessara manna, en kveðst hafa haft leyfi þeirra til þess. Faðir ákærða og sambýliskona hafa borið, að ákærði hafi haft leyfi þeirra til að rita nöfn þeirra, og var ákærði í héraðsdómi sýknaður af því að hafa falsað nöfn þeirra. Héraðsdómari sakfelldi hins vegar ákærða fyrir að hafa falsað nöfn bræðra sinna og nafn Páls Sigurðssonar. Ber að staðfesta þá niðurstöðu.

## D.

*Ákæra 29. ágúst 1989.*

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu til refsíákvæða.

## E.

Refsingu ákærða ber að ákveða með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár.

Ákærði sat í gæsluvarðhaldi frá 22. nóvember til 3. desember 1987. Kemur gæsluvarðhaldsvist hans að fullu til frádráttar dæmdri refsingu.

Staðfesta ber ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins eins og í dómsorði greinir.

## D ó m s o r ð:

Ákærði, Hallgrímur Jóhannesson, sæti fangelsi í tvö ár. Gæsluvarðhaldsvist hans frá 22. nóvember til 3. desember 1987 komi til frádráttar refsingu hans.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað skulu vera öröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

**Dómur sakadóms Keflavíkur 19. júní 1989.**

Ár 1989, fimmtudaginn 15. (sic) júní, er í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn er í skrifstofu dómsins, Hafnargötu 62, Keflavík, af Sigurði Halli

Stefánssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í máli nr. 3144/1987: Ákærvaldið gegn Hallgrími Jóhannessyni, sem tekið var til dóms þann 24. f.m.

Málið var höfðað á hendur Hallgrími Jóhannessyni, Lyngholti 19, Keflavík, fæddum 22. júní 1948 á Ísafirði:

A. Með ákæru ríkissaksóknara, dags. 8. september 1987, „fyrir skjalfals, með því að hafa þann 16. janúar 1987 notað eftirtalin 4 skuldabréf útgefin 15. janúar 1987 af ákærða fyrir hönd Ísfjörðs hf., Smiðjustíg 13, Reykjavík, sem greiðslu kaupverðs fyrir Veitingastaðinn Greifann, Hamraborg 14, Kópavogi, sem Ísfjörð hf. keypti af Margeiri Sigurðssyni, Reykjafold 20, Reykjavík, eftir að hafa falsað á skuldabréfið nafnritun Páls Sigurðssonar, Háseylu 36, Innri-Njarðvík, sem annars sjálfskuldarábyrgðaraðila og nafnritun Guðmundar Jóhannessonar, Faxabraut 30, Keflavík, sem annars vitundarvotts að undirskrift og fjárræði sjálfskuldarábyrgðaraðila:

1. Skuldabréf nr. 45087 að fjárhæð kr. 400.000.
2. Skuldabréf nr. 45088 að fjárhæð kr. 400.000.
3. Skuldabréf nr. 45089 að fjárhæð kr. 400.000.
4. Skuldabréf nr. 45084 að fjárhæð kr. 600.000.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

B. Með ákæru ríkissaksóknara, dags. 20. júlí 1988, „fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum nr. 19, 1940, og lögum um tékka nr. 94, 1933, framin á árunum 1983 til 1987:

#### I.

##### *Tékkasvik.*

Með því að hafa sem prókúruhafi fyrir hönd Reykborgar gefið út tékka nr. 0773349 að fjárhæð kr. 280.624, dagsettan 4. febrúar 1985 til Iðnaðarbanka Íslands hf. á hlaupareikning sinn nr. 8555 við Búnaðarbanka Íslands, Austurbæjarútibú án þess að næg innistæða væri fyrir upphæð tékkans, enda var reikningnum lokað 18. desember 1984. Tékkann notaði ákærði til tryggingar greiðslu skuldar við Ásgeir Sverrisson, Sólvallagötu 32, Reykjavík, en Ásgeir fékk lánsfjárhæðina sem var sú sama og fjárhæð tékkans hjá föður sínum Sverri Jónssyni, Akraseli 25, Reykjavík og afhenti honum tékkann sem greiðslu á láninu. Sverrir fékk tékkanum skipt í Iðnaðarbankanum 4. febrúar 1985 fyrir tékka nr. 1317068 með sömu fjárhæð og dagsetningu útgefnum af Iðnaðarbanka Íslands hf. á hlaupareikning bankans nr. 700 til Landsbanka Íslands. Þennan tékka notaði Sverrir til

að greiða með ýmsar skuldir í Landsbanka Íslands og lagði afganginn kr. 46.055,30 inn á ávísanareikning sinn hjá bankanum. (RLR, mál nr. 634/85.)

Telst háttsemi ákærða varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og 73. gr. laga um tékka nr. 94, 1933, sbr. lög nr. 35, 1977.

## II.

### *Tékkasvik.*

Ákærða er gefið að sök að hafa fengið Margréti Kjartansdóttur, starfsstúlku sína, til að gefa út eftirfarandi þrjá tékka á hlaupareikning Fáka sf. nr. 8988 við Iðnaðarbanka Íslands hf., aðalbanka, án þess að næg inni-stæða væri fyrir upphæð tékkanna, sem ákærði hagnýtti sér síðan sem hér greinir:

1. Tékki nr. 1308914 að fjárhæð kr. 29.835, dagsettur 5. febrúar 1985 til handhafa. Margrét undirritaði tékkann, en ákærði útfyllti tékkann að öðru leyti, framseldi hann og notaði til þess að greiða skuld við Gunnar Sigurgíslason, bifvélavirkja, vegna viðgerðar á bifreið og var tékkinn innleystur í Landsbanka Íslands, Miklubrautarútibúi, 5. febrúar 1985.

2. Tékki nr. 1308909 að fjárhæð kr. 110.000, dagsettur 28. febrúar 1985 til handhafa. Margrét útfyllti tékkann og gaf hann út, en ákærði framseldi hann og notaði til að greiða víxil í Landsbanka Íslands, aðalbanka 28. febrúar 1985.

3. Tékki nr. 1308916 að fjárhæð kr. 108.000, dagsettur 1. mars 1985 til ákærða. Margrét undirritaði tékkann, en ákærði útfyllti tékkann að öðru leyti og framseldi hann. Tékkinn er einnig framseldur af Helga Kr. Einarsyni (sic), Álftaseli 20, Reykjavík, og stimpli (sic) Húsasmiðjunnar hf. Ákærði notaði tékkann til þess að greiða skuld við Helga Kristin, sem notaði hann til að greiða skuld við Húsasmiðjuna hf., sem innleysti tékkann í Austurbæjarútibúi Landsbanka Íslands. (RLR, mál nr. 1056/85 og 3153/85.)

Telst háttsemi ákærða varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara við 73. gr. laga um tékka nr. 94, 1933, sbr. lög nr. 35, 1977, að því er varðar tölulið 2.

## III.

### *Fjárdráttur.*

Dregið sér eftirtalda fimm víxla samþykkt af Svölu Haukdal, Stigahlíð 71, Reykjavík, samtals að fjárhæð kr. 592.696.

1. Vixill að fjárhæð kr. 132.470 með gjalddaga 26. mars 1986.
2. Vixill að fjárhæð kr. 132.726 með gjalddaga 6. apríl 1986.
3. Vixill að fjárhæð kr. 133.110 með gjalddaga 16. apríl 1986.
4. Vixill að fjárhæð kr. 134.390 með gjalddaga 26. apríl 1986.

5. Víxill að fjárhæð kr. 60.000 með gjalddaga 7. apríl 1986.

Ákærði tók við víxlum þessum frá Svölu í því skyni að sjá um að leysa vörur út úr tolli fyrir hana, en ákærði notaði víxlana í eigin þágu. (RLR, mál nr. 1691/86.)

Háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

#### IV.

##### *Fjárdráttur.*

Dregið sér sex víxla samtals að fjárhæð kr. 380.000. Fimm víxlanna voru að fjárhæð kr. 65.000, en einn kr. 55.000 með gjalddögum 13. mars, 20. mars, 27. mars, 3. apríl, 10. apríl og 17. apríl 1986, samþykktir af Finni Veturliða Magnússyni, Næfurási 3, Reykjavík, fyrir hönd verslunarinnar Hreiðrið, Greinsásvegi (sic) 12, Reykjavík. Ákærði tók við víxlum þessum frá Finni Veturliða í janúar 1986 í því skyni að annast úttekt á vörum úr tolli fyrir verslunina, en hafði heimild Finns til að nota víxlana tímabundið gegn loforði um að afhenda Finni vörurnar fyrir andvirði víxlanna á tíma-bílinu 15. til 28. febrúar 1986. Ákærði stóð ekki við það loforð en notaði víxlana algerlega í eigin þágu. (RLR, mál nr. 1862/86.)

Háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr. 247. gr., en til vara við 249. gr. almennra hegningarlaga.

#### V.

##### *A. Skjalafals.*

Málið er einnig höfðað gegn ákærða fyrir skjalafals með því að hafa þann 5. maí 1986 framvísað í Landsbanka Íslands, Múlaútibúi, beiðni um opnun tékkareiknings í nafni fyrirtækisins Hallco hf. eftir að hafa falsað nöfn Sigurbjargar Gísladóttur og Jóhönnu Jóhannesdóttur meðstjórnenda í fyrirtækinu á beiðnina, en ákærði Hallgrímur er stjórnarformaður og framkvæmdastjóri fyrirtækisins með prókúruumboði. Samkvæmt beiðni þessari var þann 6. maí stofnaður tékkareikningur nr. 8240 á nafni Hallco hf.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

##### *B. Tékkasvik.*

Þá er ákærða gefið að sök að hafa gefið út eftirtalda tvo tékka til Finns Magnússonar á áður nefndan tékkareikning nr. 8240 við Landsbanka Íslands, Múlaútibúi, án þess að næg innistæða væri fyrir upphæð tékka-anna:

1. Tékki nr. 1824510 að fjárhæð kr. 250.000, dagsettur 9. maí 1986.
2. Tékki nr. 1824511 að fjárhæð kr. 250.000, dagsettur 9. maí 1986.

Tékkana afhenti ákærði Finni Veturliða Magnússyni, Næfurási 3, Reykjavík, sem greiðslu skuldar. (RLR, mál nr. 1863/86.)

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga, en til vara 73. gr. laga nr. 94, 1933, sbr. lög nr. 35, 1977.

## VI.

*Fjárdráttur.*

Dregið sér eftirtalda sex víxla samtals að fjárhæð kr. 358.941, samþykktá af Sigríði Rut Thorarensen, Stigahlið 4, Reykjavík, fyrir hönd verslunarinnar Blazer, Klapparstíg 26:

1. Vixill að fjárhæð kr. 46.975 með gjalddaga 28. desember 1985.
2. Vixill að fjárhæð kr. 47.100 með gjalddaga 5. janúar 1986.
3. Vixill að fjárhæð kr. 48.658 með gjalddaga 14. janúar 1986.
4. Vixill að fjárhæð kr. 66.585 með gjalddaga 18. janúar 1986.
5. Vixill að fjárhæð kr. 96.528 með gjalddaga 23. janúar 1986.
6. Vixill að fjárhæð kr. 53.100 með gjalddaga 7. febrúar 1986.

Ákærði tók við víxlum þessum hjá Sigríði Rut í því skyni að hann annaðist um að leysa vörur fyrir verslun hennar út úr tolli, en ákærði notaði víxlana í eigin þágu.

Þá er ákærða gefið að sök að hafa dregið sér eftirtalda sex tékka útgefna af Sigríði Rut Thorarensen fyrir hönd Blazer hf., Klapparstíg 26, á hlaupa-reiðing nr. 1138 við Landsbanka Íslands:

1. Tékki nr. 492659 að fjárhæð kr. 46.975 til handhafa, dagsettur 28.12. 1985, framseldur af I. Magnúsdóttur, Dalsbyggð 20. Tékkinn var innleystur í Múlaútibúi Landsbankans 11. febrúar 1986.

2. Tékki nr. 492660 að fjárhæð kr. 47.100 til handhafa, dagsettur 5. janúar 1986, framseldur af I. Magnúsdóttur. Innleystur í Múlaútibúi Landsbankans 11. febrúar 1986.

3. Tékki nr. 492661 að fjárhæð kr. 48.658 til handhafa, dagsettur 14. janúar 1986, framseldur af I. Magnúsdóttur. Innleystur í Múlaútibúi Landsbankans 11. febrúar 1986.

4. Tékki nr. 492658 að fjárhæð kr. 66.585 til Landsbanka Íslands, dagsettur 18. janúar 1986. Innleystur í Austurbæjarútibúi Landsbankans 20. janúar 1986.

5. Tékki nr. 492652 að fjárhæð kr. 96.528 til handhafa, dagsettur 23. janúar 1986, framseldur af ákærða vegna H. Jóhannessonar heildverslunar og Skarphéðni Þórisyni hrl. Innleystur í Iðnaðarbankanum, Lækjargötu-útibúi.

6. Tékki nr. 492667 að fjárhæð kr. 53.100 til handhafa, dagsettur 7. febrúar 1986, framseldur af ákærða og Hönnu Kragh, Hátúni 10A. Innleystur í Háaleitisútibúi Búnaðarbankans.

Ákærði tók við tékkum þessum frá Sigríði Rut í desember 1985. Tékkarnir eru með sömu fjárhæðum og sömu útgáfudögum og gjalddagar víxlanna sex sem raktir eru hér að ofan og átti hver víxill og tékki að fylgjast að þannig að tékkinn yrði notaður til að greiða hvern víxil á gjalddaga. Ákærði aðskildi tékkana og víxlana og ráðstafaði þeim í sitt hvora (sic) áttina þannig að tékkarnir fylgdu ekki víxlunum eins og um var samið við Sigríði. Með þessum hætti dró ákærði sér alla tékkana og víxlana og notaði í eigin þágu. (RLR, mál nr. 1987/86.)

Háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

## VII.

*Tékkasvik.*

Ákærða er gefið að sök að hafa dregið sér eftirtalda þrjá tékka á hlaupareikning nr. 1138 við Landsbanka Íslands, Vesturbæjarútibú, útgefna af Sigríði Rut Thorarensen, Stigahlíð 4, Reykjavík, fyrir hönd Blazer hf., Klapparstíg 26, Reykjavík:

1. Tékki nr. 498607, að fjárhæð kr. 125.000, dagsettur 10. (sic) apríl 1986 til Landsbanka Íslands, innlestur í Austurbæjarútibúi bankans 9. apríl 1986.

2. Tékki nr. 498621, að fjárhæð kr. 67.940, dagsettur 27. apríl 1986. Tékkinn hefur verið stílaður á Landsbankann, en strikað yfir það og skrifað handhafa í staðinn. Tékkinn er framseldur af Ellert K. Steindórssyni, Leirubakka 20, og innlestur í Vesturbæjarútibúi Landsbankans 28. apríl 1986. (RLR, mál nr. 2150/87.)

3. Tékki nr. 498621, að fjárhæð kr. 67.940, dagsettur 27. apríl 1986. Tékkinn hefur verið stílaður á Landsbankann, en strikað yfir það og skrifað handhafa í staðinn. Tékkinn er framseldur af Ellert K. Steindórssyni, Leirubakka 20, og innlestur í Vesturbæjarútibúi Landsbankans 28. apríl 1986. (RLR, mál nr. 2150/87.)

Háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

*Tékkasvik.*

Með því að hafa fyrir hönd Fimasölnunnar, Hamraborg 12, Kópavogi, gefið út til handhafa eftirtalda tvo tékka á tékkareikning Fimasölnunnar nr. 27117 við Landsbanka Íslands, Breiðholtsútibú, án þess að næg inni-stæða væri fyrir upphæð tékkanna og notað í viðskiptum sem hér greinir:

1. Tékki nr. 1198008, að fjárhæð kr. 75.000, dagsettur 12. júní 1987, framseldur af Guðmundi Björnssyni og Ragnheiði Karlsdóttur. Tékkann notaði ákærði til að greiða skuld við Guðmund Gísla Björnsson, bifreiðastjóra, Austurbergi 4, Reykjavík, vegna hrossaflutninga.

2. Tékki nr. 1198030, að fjárhæð kr. 514.250, dagsettur 22. júní 1987,

framseldur af Finni Magnússyni með stimplinum Hreiðrið. Tékkann notaði ákærði til að greiða skuld við Finn Veturliða Magnússon, Furugrund 79, Kópavogi. (RLR, mál nr. 2987/87.)

Háttsemi ákærða telst varða við 248. gr. almennra hegningarlaga, en til vara við 73. gr. laga nr. 94, 1933, sbr. lög nr. 35, 1977.

## IX.

*Tékkasvik.*

Ákærða er gefið að sök að hafa fengið ónafngreinda stúlku sem var starfsmaður ákærða, til að gefa út fyrir hönd Ísfjörðs hf. tékka nr. 5032624 að fjárhæð kr. 70.560, dagsettan 2. júní 1987 á tékkareikning nr. 7692 við Verslunarbanka Íslands hf. til Pósts og síma. Tékkinn var framseldur Póstútibúið H-1 Sigríður Hansdóttir (sic). Ákærði fékk stúlkuna til að opna nefndan reikning og ritaði hún nafn sitt á tékkaeyðublaðið óútfyllt. Ákærði fyllti síðan tékkann (sic) og notaði hann til greiðslu póstburðargjalda frá Pósti og síma þó honum væri fullkunnugt um að ekki var næg innistæða fyrir upphæð tékkans. (RLR, mál nr. 3067/87.)

Háttsemi ákærða telst varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

## X.

*Tékkasvik.*

Ákærða er gefið að sök að hafa fengið sömu stúlku til að gefa út fyrir hönd Greifans-Grill, Hamraborg 14, Kópavogi, tékka nr. 0715429 að fjárhæð kr. 43.700 dagsettan 10. apríl 1987 á tékkareikning nr. 19692 við Búnaðarbanka Íslands, Kópavogi til Þórðar Guðmundssonar. Tékkinn er framseldur af Þórði Guðmundssyni, Fells múla 5. Stúlkun opnaði nefndan tékkareikning að beiðni ákærða og útfyllti tékkann að fyrirmælum hans. Ákærði notaði tékkann til greiðslu til nefnds Þórðar fyrir gerð útvarpsauglýsingar fyrir skyndibitastaðinn Greifann-Grill, Kópavogi, þó hann vissi fullvel að ekki var næg innistæða fyrir upphæð tékkans. (RLR, mál nr. 3181/87.)

Háttsemi ákærða telst varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

## XI.

*Skjalafals.*

Með því að hafa þann 29. júlí 1987 lagt eftirtalda 8 víxla samtals að fjárhæð kr. 605.000, útgefna af ákærða fyrir hönd Ísfjörðs hf. inn til innheimtu í Austurbæjarútibú Landsbankans eftir að hafa falsað nafnritun bræðra sinna ýmist Bjarna Magnúsar Jóhannessonar, Mávabraut 9F, Keflavík eða Guðmundar Hjartar Falk Jóhannessonar, Faxabraut 30, Keflavík,

sem samþykkjanda á víxlana. Andvirði víxlanna átti að renna til greiðslu skuldar ákærða við Landsbankann:

1. Vixill nr. 90384 með gjalddaga 20. ágúst 1987, fjárhæð kr. 68.000. Nafn samþykkjanda Bjarni M. Jóhannesson.

2. Vixill nr. 90385 með gjalddaga 25. ágúst 1987, fjárhæð kr. 75.000. Nafn samþykkjanda Guðmundur Hj. Jóhannesson.

3. Vixill nr. 90386 með gjalddaga 1. september 1987, fjárhæð kr. 74.000. Nafn samþykkjanda Bjarni M. Jóhannesson.

4. Vixill nr. 90387 með gjalddaga 10. september 1987, fjárhæð kr. 75.000. Nafn samþykkjanda Guðmundur Hj. Jóhannesson.

5. Vixill nr. 90388 með gjalddaga 15. september 1987, fjárhæð kr. 79.000. Nafn samþykkjanda Bjarni M. Jóhannesson.

6. Vixill nr. 90389 með gjalddaga 25. september 1987, fjárhæð kr. 75.000. Nafn samþykkjanda Guðmundur Hj. Jóhannesson.

7. Vixill nr. 90390 með gjalddaga 30. september 1987, fjárhæð kr. 84.000. Nafn samþykkjanda Bjarni M. Jóhannesson.

8. Vixill nr. 90391 með gjalddaga 10. október 1987, fjárhæð kr. 75.000. Nafn samþykkjanda Guðmundur Hj. Jóhannesson. (RLR, mál nr. 3981/87.)

Háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

## XII.

### *Skjalafals.*

Notað eftirtalin þrjú skuldabréf til þess að blekkja með þeim í lögskiptum eftir að hafa falsað á þau nafnrítanir sem hér greinir:

1. Skuldabréf með lánskjaravísitölu útgefið 5. febrúar 1987, að fjárhæð kr. 300.000 með 12 afborgunum á eins mánaðar fresti í fyrsta sinn 15. mars 1987. Á bréfið falsaði ákærði allar nafnrítanir sem hér greinir: Bjarni M. Jóhannesson sem útgefanda, Jóhannes Bj. Bjarnason og Sigurbjörg Gísladóttir sem sjálfskuldarábyrgðaraðila og Páll Sigurðsson og Guðmundur Jóhannesson sem votta. Skuldabréfið seldi ákærði hjá Ávöxtun sf., Laugavegi 97, Reykjavík, 9. febrúar 1987 og fékk greitt fyrir það kr. 268.853,80 sem hann ráðstafaði í eigin þágu.

2. Skuldabréf útgefið 30. desember 1986, að fjárhæð kr. 600.000 með 8 jöfnum afborgunum á þriggja mánaða fresti í fyrsta skipti 2. apríl 1987. Á bréfið falsaði ákærði nafnrítunina Guðmundur Jóhannesson sem útgefanda bréfsins. Skuldabréfið notaði ákærði til greiðslu skuldar við Finn Magnússon, Furugrund 79, Kópavogi.

3. Skuldabréf útgefið 30. desember 1986, að fjárhæð kr. 600.000 með 8 jöfnum afborgunum á þriggja mánaða fresti í fyrsta skipti 2. apríl 1987. Á bréfið falsaði ákærði nafnrítunina Sigurbjörg Gísladóttir sem útgefanda

bréfsins og notaði skuldabréfið til greiðslu skuldar við Finn Magnússon, Furugrund 79, Kópavogi. (RLR, mál nr. 3981/87.)

Háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

### XIII.

#### *Skjalafals.*

Ákærða er gefið að sök að hafa lagt inn til Hlutfélagaskrár, Lindargötu 46, Reykjavík, og firmaskrár Kópavogs, 3 tilkynningar eftir að hafa falsað á þær nafnritanir sem hér greinir:

1. Tilkynning um hlutfélag, dagsett 6. október 1983, um félagið Ís-fjörð hf., umboðs- og heildverslun. Á tilkynninguna falsaði ákærði í dálk fyrir rithandarsýnishorn nafnritunina Hjaltlína Agnarsdóttir.

2. Tilkynning um hlutfélag, dagsett 22. apríl 1986, um félagið Hallo hf., Á tilkynninguna falsaði ákærði í dálk fyrir rithandarsýnishorn nafnritanirnar Sigurbjörg Gísladóttir, Jóhanna Jóhannsdóttir og Bjarni M. Jóhannesson og í dálk fyrir upplýsingar um hverjir rita firmað nafnritunina Sigurbjörg Gísladóttir.

3. Tilkynning til firmaskrár, dagsett 1. júní 1987, um félagið Firmasalan, Hamraborg 12, Kópavogi. Á tilkynninguna falsaði ákærði í dálk fyrir upplýsingar um hverjir rita firmað nafnritanirnar Jóhannes Bj. Bjarnason og Sigurbjörg Gísladóttir og undir tilkynninguna nafnritunina Jóhannes Bj. Bjarnason. (RLR, mál nr. 3981/87.)

Háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

### XIV.

#### *Fjárdráttur.*

Dregið sér tvo víxla, annan að fjárhæð kr. 156.800 með gjalddaga 30. apríl 1987 en hinn að fjárhæð kr. 162.400 með gjalddaga 15. maí 1987, samþykkt af Finni Magnússyni fyrir hönd verslunarinnar Hreiðursins og tvo tékka með sömu fjárhæðum og dagsetningum. Ákærði tók við víxlum þessum og tékkum frá Finni 19. mars 1987 í því skyni að sjá um að fram-lengja víxli (sic) samþykktan af Finni fyrir hönd Hreiðursins að fjárhæð kr. 280.000.- með gjalddaga 15. mars 1987 en ákærði hafði engan ráðstöf-unarrétt á þeim víxli. Ákærði nýtti sér báða víxlana og tékkana í eigin þágu. (RLR, mál nr. 3981/87.)

Háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Þann 16. janúar 1987 undirrituðu ákærði f.h. Ísfjörðs hf. sem kaupandi og Margeir Sigurðsson sem seljandi kaupsamning um veitingastaðinn Greifann, Hamraborg 14, Kópavogi. Kaupverðið, kr. 1.800.000, var greitt með 4 verðtryggðum skuldabréfum útgefnum 15. janúar 1987 af ákærða pr. pr. Ísfjörð hf., 3 að fjárhæð kr. 400.000 og 1 að fjárhæð kr. 600.000. Undirskrift ákærða var vottuð af Kristni Bernburg, sem sá um sölu fyrirtækisins. Sjálfskuldarábyrgðarmenn á bréfunum voru Páll Sigurðsson, Háseylu 36, Njarðvík, og Jóhannes Bj. Bjarnason, Faxabraut 30, Keflavík, faðir ákærða, en vottar að undirskrift þeirra og fjárræði voru Sigurbjörg Gísladóttir, sambýliskona ákærða, og Guðmundur Jóhannesson, bróðir hans. Þegar ekki var staðið í skilum með greiðslu afborgana af skuldabréfunum, reyndi Jón Oddsson hrl. lögald hjá Páli Sigurðssyni, sem við lögaldsgerðina sagði nafnritun sína falsaða. Kom sakarefnið til rannsóknar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, eftir að nefndur lögmaður hafði sent kæru f.h. Margeirs Sigurðssonar vegna ætlaðs skjalafals ákærða.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa skrifað nöfn Páls Sigurðssonar og Guðmundar Jóhannessonar.

Ákærði lýsti því við fyrstu yfirheyrslu, að hann hefði rætt það við Pál, er þeir hittust í hesthúsi ákærða í ársbyrjun 1987, að Páll skrifaði fyrir hann á skuldabréf að fjárhæð kr. 2.000.000. Páll hafi fallist á það, ef annar ábyrgðaraðili yrði á bréfinu. Hann kvaðst síðan hafa haft símasamband við Pál, er gengið var frá kaupunum, og fengið leyfi hans til að skrifa sjálfur nafn hans á skuldabréfin. Við samprófun hjá RLR féll ákærði frá þeirri fullyrðingu sinni, að Páll Sigurðsson hefði gefið sér heimild til að rita nafn hans á skuldabréfin. Er málið var tekið fyrir hér fyrir dómi, kvaðst ákærði taka aftur framburð sinn við samprófun hjá rannsóknarlögreglu að því leyti, að hið rétta væri, að hann hefði hringt til Páls Sigurðssonar og fengið samþykki hans fyrir því að rita nafn hans sem ábyrgðarmanns að skuldabréfum að fjárhæð um kr. 2.000.000. Ástæða þess, að hann ritaði nafn Páls, hafi verið sú, að hann hafi talið sig vera í tímaþröng við að ganga frá kaupum veitingastaðarins. Ástæðu þess, að hann bar rangt við samprófun, kvað hann vera þá, að hann hefði viljað hlifa gamla manninum, sem sennilega hafi haldið, að hann væri greiðsluskyldur, ef hann hefði veitt samþykki til undirskriftar.

Páll Sigurðsson hefur staðfastlega neitað að hafa veitt ákærða leyfi til ritunar nafns síns. Hann kvað ákærða hafa eitt sinn nefnt við sig, er þeir voru staddir í hesthúsi ákærða, að hann væri að fara að kaupa veitingastaðinn Greifann, og beðið sig að vera ábyrgðarmann á skuldabréfum vegna kaupanna. Kvaðst hann ekki hafa samþykkt það. Þetta tal hafi fallið niður, er aðrir menn komu í hesthúsið. Er hann hafi farið út úr hesthúsinu, hafi

ákærði sagt: „Ég hef símasamband við þig.“ Það hafi ákærði hins vegar ekki gert og aldrei til þess komið, að hann gæfi leyfi til, að nafn hans yrði skrifað á skuldabréfin.

Ákærði og bróðir hans, Guðmundur, hafa báðir borið, að ákærði hafi ritað nafn Guðmundar sem vitundarvotts á skuldabréfin með samþykki hans og að honum viðstöddum. Guðmundur kvað foreldra sína hafa einnig verið viðstadda, og hafi hann verið að votta undirskrift föður síns. Framburður þeirra hlýtur stoð í framburði móður þeirra, Hjaltlínu Agnarsdóttur.

Ritun ákærða á nafni Guðmundar Jóhannessonar fellur ekki innan skilgreiningar skjalafals samkvæmt 155. gr. almennra hegningarlaga, sbr. greinargerð með frumvarpi að lögunum: „Falsað er skjal, þegar það, með því efni, sem það hefur, stafar ekki frá þeim manni, sem það gefur sjálft til kynna, að það sé frá, eða vitað er um, að það á að stafa frá.“ Ber samkvæmt þessu að sýkna ákærða af því ákæruatriði, sem að þessu lýtur, en að öðru leyti er sannað með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að hann hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru, dags. 8. september 1987, og þar er rétt færð til refsíákvæðis.

## B.

(Fylgt verður kaflaskipan ákæruskjals dags. 20. júlí 1988.)

### I.

Þann 14. febrúar 1985 kærði Iðnaðarbanki Íslands hf. til rannsóknar-lögreglu ríkisins vegna eftirfarandi: Hinn 4. febrúar s.á. hafi maður komið í afgreiðslu bankans og framvísað tékka útgefnum af ákærða sem prókúru-hafa f.h. Reykborgar, Hverfisgötu 78, Reykjavík, að fjárhæð kr. 280.624, á hlaupareikning nr. 8555 við Búnaðarbanka Íslands, Austurbæjarútibú. Maðurinn hafi farið fram á við gjalddkera, að bankinn gæfi út tékka sömu fjárhæðar á Landsbanka Íslands, en keypti fyrrgreindan tékka á móti. Við þessu hafi verið orðið. Við framvísun á Búnaðarbankatékkanum daginn eftir hafi innistæða ekki reynst vera fyrir hendi, enda hafi reikningnum verið lokað 18. desember 1984.

Ákærði fékk þann 4. desember 1984 lánaðar kr. 280.624 hjá Ásgeiri Sverrissyni, Sólvallagötu 32, Reykjavík. Til tryggingar greiðslu lánsins afhenti hann Ásgeiri tékka nr. 0773349, sömu fjárhæðar, dagsettan 4. febrúar 1985, til Iðnaðarbanka Íslands hf. á hlaupareikning nr. 8555 við Búnaðarbanka Íslands, Austurbæjarútibú. Til lokunar á reikningnum kom 18. desember 1984. Ákærði kveðst hafa reynt að ná í Ásgeir, þegar leið að gjalddaga lánsins, til að koma í veg fyrir, að tékkinn færi í banka. Ásgeir Sverrissón hafði fengið framangreinda lánsfjárhæð hjá föður sínum og

afhenti honum tékkann sem greiðslu á láninu. Sverrir fékk tékkanum skipt í Iðnaðarbankanum 4. febrúar 1985 fyrir tékka nr. 1317068 með sömu fjárhæð og dagsetningu útgefnum af Iðnaðarbanka Íslands h.f á hlaupareikning bankans nr. 700 til Landsbanka Íslands. Þann tékka notaði Sverrir til að greiða með ýmsar skuldir í Landsbanka Íslands og lagði afganginn, kr. 46.055,30, inn á tékkareikning sinn hjá bankanum.

Sannað þykir með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í þessum kafla ákæru. Háttsemin varðar við 73. gr. laga um tékka nr. 94/1933, sbr. lög nr. 35/1977, en rétt þykir að sýkna hann af ákæru um brot á 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þar sem auðgunartilgangur er ekki sannaður.

## II.

Margrét Kjartansdóttir, f. 11.2. 1961, vann almenn skrifstofustörf frá desember 1984 fyrir fyrirtækið H. Jóhannesson heildverslun, sem þá var nýstofnað. Að beiðni ákærða tók hún að sér að hafa prókúruumboð, enda sá hún um að fara í banka og toll, en hafði ekkert með fjármál fyrirtækisins að gera utan það að skrifa undir tékka og víxla fyrir hönd þess. Um svipað leyti stofnaði ákærði fyrirtækið Fáka sf. ásamt tveimur öðrum mönnum. Að beiðni þeirra tók Margrét einnig að sér prókúru fyrir það fyrirtæki og var skrifuð fyrir ávísanareikningi þess.

Ákærði ber alla ábyrgð á útgáfu og notkun þeirra tékka, sem um ræðir í þessum kafla ákæru.

Tékkunum er rétt lýst í ákæru, númerum, fjárhæðum, dagsetningum og notkun.

Sannað er með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að hann hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem lýst er í þessum kafla ákæru. Háttsemin varðar við 73. gr. laga nr. 94/1933, sbr. lög nr. 35/1977, sbr. og 2. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974, en rétt þykir að sýkna hann af ákæru um brot á 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þar sem ekki er sýnt fram á, að brot séu framin í auðgunarskyni.

## III.

Í febrúar 1986 komst ákærði í kynni við Svölu Haukdal, eiganda verslunarinnar Dömugarðsins, Reykjavík, er hún svaraði dagblaðaauglýsingu hans (fyrirtækisins H. Jóhannessonar, Laugavegi 66, Reykjavík) um, að hann tæki að sér að leysa út vörur úr tolli fyrir fyrirtæki.

Svala Haukdal afhenti ákærða tollskjöl yfir 3 vörusendingar og 3 víxla samþykkt af sér með gjalddaga 17. mars 1986, 22. mars 1986 og 7. apríl 1986, samtals að fjárhæð kr. 181.136. Ákærði leysti út 2 af sendingunum, en sveikst um að leysa út hina þriðju, sem Svala Haukdal hafði greitt með

víxli að fjárhæð kr. 60.000 með gjalddaga 7. apríl 1986. Að samkomulagi varð, að sá víxill gengi til að leysa út næstu vörusendingar. Jafnframt samþykkti Svala Haukdal og afhenti í sama skyni ákærða 4 víxla að fjárhæðum kr. 132.470 með gjalddaga 26. mars 1986, kr. 132.726 með gjalddaga 6. apríl 1986, kr. 133.110 með gjalddaga 16. apríl 1986 og kr. 134.390 með gjalddaga 26. apríl 1986.

Ákærði leysti ekki út vörurnar, en notaði víxlana, samtals að fjárhæð kr. 592.696, í eigin þágu án heimilda frá Svölu Haukdal eða vitundar hennar.

Með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins er sannað, að hann hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem lýst er í þessum kafla ákæru. Háttsemin varðar við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

#### IV.

Í janúar 1986 gerði Finnur Veturliði Magnússon, Dalseli 19, Reykjavík, samkomulag við ákærða um, að hann annaðist um úttekt á vörum úr tolli fyrir verslun hans, Hreiðrið. Í því skyni afhenti Finnur Veturliði ákærða sex víxla samtals að fjárhæð kr. 380.000. Fimm víxlanna voru að fjárhæð kr. 65.000, en einn kr. 55.000 með gjalddögum 13. mars 1986, 27. mars 1986, 3. apríl 1986, 10. apríl 1986 og 17. apríl 1986. Víxlarnir voru samþykktir af Finni Veturliða fyrir hönd verslunarinnar Hreiðursins, Grensásvegi 12, Reykjavík. Ákærði afhenti Finni Veturliða Magnússyni kvittun um fyrirframgreiðslu húsgagna, kr. 380.000, sem skyldu afhendast 15. - 28. febrúar 1986.

Ákærði hafði heimild til að nota víxlana tímabundið í eigin þágu vegna fjárhagsvandræða og greiddi með þeim skuldir sínar, en stóð ekki við loforð um að afhenda Finni Veturliða vörur fyrir andvirði þeirra.

Með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins er sannað, að hann hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem lýst er í þessum kafla ákæru. Háttsemin varðar við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

#### V.

A. Ákærði var stjórnarformaður og framkvæmdastjóri með prókúru-umboði Hallco hf., sem skrásett var sem umboðs- og heildverslun. Þann 6. maí 1986 var tékkareikningur nr. 8240 stofnaður á nafni firmans í Múlaútibúi Landsbanka Íslands. Var það gert samkvæmt skriflegri umsókn, sem lögð var inn daginn áður, undirrituð af ákærða og með nöfnum Sigurbjargar Gísladóttur og Jóhönnu Jóhannesdóttur.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ritað nöfn sambýliskonu sinnar, Sigurbjargar Gísladóttur, og systur, Jóhönnu, á beiðnina, en kveðst hafa haft samþykki þeirra fyrir nafnritununum. Sigurbjörg Gísladóttir hefur skýrt

svo frá fyrir dómi, að hún hafi ekki skrifað nafn sitt á beiðnina, en hins vegar hafi hún gefið ákærða fullt umboð til að skrifa nafn sitt. Hún kvaðst hafa gefið honum leyfi til að nota nafn sitt til undirskrifta á skjöl, eftir því sem hann teldi þurfa þykja í sambandi við hin ýmsu fyrirtæki og fjármálaráðstafanir hans. Ekki hefur tekist að fá Jóhönnu Jóhannesdóttur til skýrslugjafar.

Með framburði ákærða og vitnisins Sigurbjargar Gísladóttur og með vísan til 108. gr. laga nr. 74/1974 þykir ekki sannað, að ritun ákærða á nöfnum þeim, sem hér um ræðir, hafi verið heimildarlaus, og þykir hann því eigi hafa unnið til refsingar með nafnrituninum.

B. Ákærði hefur viðurkennt að hafa gefið út tvo tékka til Finns Veturliða Magnússonar á tékkareikning nr. 8240 við Landsbanka Íslands, Múlaútibúi, án þess að næg innistæða væri fyrir upphæð þeirra. Tékkunum er rétt lýst í þessum kafla ákæru, númerum þeirra, fjárhæðum og dagsetningum.

Um mánaðamót apríl - maí 1986 lét Finnur Veturliði Magnússon ákærða fá tvo víxla samþykka af sér, hvorn að fjárhæð kr. 250.000. Nokkru síðar, eða 9. maí, afhenti ákærði Finni Veturliða framangreinda tékka til greiðslu víxlanna. Ákærða var ljóst, að innistæðu skorti fyrir tékkunum, og sýndi nokkra viðleitni til að fá Finn Veturliða til að fresta því að innleysa þá, en hann hafði þá þegar innleyst annan tékkann og frestaði innlausn hins.

Með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins er sannað, að hann hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem lýst er í þessum kafla ákæru. Háttsemin varðar við 73. gr. laga nr. 94/1933, sbr. lög nr. 35/1977.

## VI.

Þann 28. maí 1986 kærði Sigríður Rut Thorarensen, Stigahlíð 4, Reykjavík, til rannsóknarlögreglu ríkisins vegna eftirfarandi: Hún kvað ákærða í máli þessu hafa í nokkur skipti aðstoðað sig við að leysa út vörur úr tolli og hún þá greitt honum andvirði vörunnar með víxlum, sem hún samþykkti til greiðslu fyrir hönd verslunar sinnar, Blazer. Í desember 1985 hafi brugðið svo við, að ákærði hafi viljað fá tékka með víxlunum, því að hann gæti ekki selt þá að öðrum kosti. Kvaðst hún hafa fallist á þetta, samþykkt sex víxla, sbr. lýsingu þeirra í þessum kafla ákæru, og að auki afhent ákærða jafnmarga tékka gefna út fram í tímann á gjalddagasetningar hvers víxils að sömu fjárhæð. Tékkarnir voru á reikning verslunarinnar Blazer við Vesturbæjarútibú Landsbanka Íslands, reikningsnúmer 1138, sbr. nánari lýsingu þeirra í þessum kafla ákæru. Umtalað hafi verið, að víxlar og tékkar fylgdust að, þannig að hver tékki yrði notaður til að greiða samsvarandi víxil á gjalddaga hans. Ákærði hafi síðan ráðstafað víxlunum og tékkunum sitt í hvora átt (sic), og þannig hafi skjölin verið innheimt.

Tékkarnir hafi verið dregnir út af reikningi verslunarinnar, er víxlarnir væru gjaldfallnir og komnir til innheimtu. Þann 21. 1986 (sic) kvað hún ákærða hafa greitt meginhluta fjárhæða víxla með gjalddaga 5.1. 1986, 14.1. 1986 og 28.2. 1986 til Jóns Þóroddssonar lögmanns vegna innheimtu hans.

Við rannsókn máls þessa hafa verið lögð fram myndrit tékka þeirra, sem um ræðir, en víxlarnir hafa ekki komið fram.

Vitnið Ingibjörg Magnúsdóttir, Dalsbyggð 20, Garðabæ, kannaðist við framsal sitt á tékkunum nr. 492659, 492660 og 492661. Kvað hún tékkana hafa fylgt víxlum, sem hún og eiginmaður hennar keyptu af ákærða. Þau hafi lagt víxlana í banka, en þeir ekki verið greiddir. Þá hafi hún framselt tékkana og framvísað þeim í banka til greiðslu. Ingibjörg Magnúsdóttir lagði fram víxlana, sem voru samsvarandi greindum tékkum að fjárhæðum og dagsetningum og samþykktir til greiðslu af ákærða.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu játaði ákærði, að kæruefnið væri rétt í alla staði. Kvaðst hann ekki muna, hvert hann hefði ráðstafað hverju einstöku skjali, en öllum víxlunum og tékkunum hefði hann ráðstafað sjálfum sér til hagsbóta án heimildar eða vitundar Sigríðar Rutar Thorarensen.

Vitnið Sigríður Rut Thorarensen skýrði frá atvikum hér fyrir dómi á sama hátt og við fyrri skýrslugjafir. Hún kvaðst ekki hafa verið krafni um greiðslu neins af víxlunum, eftir að hún lagði fram kæru, og hefði hún ekki greitt neinn þeirra. Þá kvaðst hún ekki hafa greitt neinn af tékkunum. Hlaupareikningi Blazer hf. hafi verið lokað, er þeir bárust til innlausnar, enda hafi þeir verið gefnir út „í trausti þess að verslunin hefði áður fengið vörur fyrir milligöngu ákærða“.

Við yfirheyrslu hér fyrir dómi viðurkenndi ákærði á ný að hafa gerst sekur um háttsemi þá, sem lýst er í þessum kafla ákæru.

Með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins er sannað, að hann hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem lýst er í þessum kafla ákæru, og með því brotið gegn 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

## VII.

Þann 27. maí 1987 kærði Landsbanki Íslands til rannsóknarlögreglu ríkisins vegna þriggja innistæðulausra tékka, sem lýst er í þessum kafla ákæru að öllu leyti réttilega.

Sigríður Rut Thorarensen viðurkenndi að hafa gefið út tékkana f.h. Blazer hf. og dagsett þá fram í tímann, þar sem innistæðu hafi skort fyrir þeim við útgáfu. Hún kvaðst hafa afhent ákærða tékkana ásamt þremur víxlum, sem voru að sömu fjárhæðum og tékkarnir, og hafi ætlunin verið, að tékkarnir yrðu notaðir til greiðslu víxlanna. Ákærði hafi tekið að sér að leysa út vörur fyrir Blazer hf. og þetta verið greiðsla fyrir þær. Úr því

hafi þó ekki orðið. Ákærði hafi ekki afhent vörurnar, heldur notað víxlana og tékkana í eigin þágu, en látið víxla og tékka fylgjast að.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa gerst sekur um háttsemi þá, sem lýst er í þessum kafla ákæru. Hann kveðst hafa ráðstafað í eigin þágu tékkunum, sem Sigríður Rut Thorarensen afhenti honum ásamt víxlum. Við yfirheyrslu hjá RLR kveðst hann þó hafa skilað til Sigríðar Rutar peningum, sem hann fékk við sölu víxils, sem fylgdi tékka nr. 498621. Við yfirheyrslu hér fyrir dómi kvaðst hann hins vegar hafa skilað til hennar peningum, sem hann fékk við sölu þess víxils (eins), sem fylgdi tékka nr. 498607. Sigríður Rut Thorarensen hefur borið á móti því, að ákærði hafi afhent sér andvirði framangreindra víxla.

Með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins er sannað, að hann hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem lýst er í þessum kafla ákæru, og með því brotið gegn 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

Það athugast, að fyrirsögn kaflans er röng miðað við efni hans.

#### VIII.

Með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins er sannað, að hann gaf út til handhafa tvo tékka á tékkareikning Firmsólunnar nr. 27117 við Landsbanka Íslands, Breiðholtsútibú, án þess að næg innistæða væri fyrir upphæð tékkanna. Þeim er rétt lýst í þessum kafla ákæru, númerum, fjárhæðum, dagsetningum og notkun í viðskiptum.

Háttsemin varðar ákærða refsingu samkvæmt 73. gr. laga nr. 94/1933, sbr. lög nr. 35/1977.

#### IX.

Ákærði var stjórnarformaður Ísfjörðs hf. Hann fékk stúlku, sem var starfsmaður hans og hafði að beiðni hans rétt til tékkaútgáfu fyrir nefnt hlutafélag, til að gefa út tékka nr. 5032624 á tékkareikning nr. 7692 við Verslunarbanka Íslands hf. Ákærði útfyllti tékkann að öðru leyti, eins og lýst er í þessum kafla ákæru, og notaði hann, vitandi um innistæðuskort, til greiðslu póstburðargjalda hjá Pósti og síma.

Með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins er sannað, að hann hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem lýst er í þessum kafla ákæru, og með því brotið gegn 248. gr. almennra hegningarlaga.

#### X.

Ísfjörð hf. keypti Greifann-Grill, Hamraborg 14, Kópavogi, þann 16.1. 1987. Starfsstúlka ákærða, hin sama og getur í ákærukafla IX, hafði prókúru fyrir firmað og stofnaði að beiðni ákærða tékkareikning á nafni þess nr. 19296 við Búnaðarbanka Íslands, Kópavogi. Stúlkan gaf út tékka

nr. 0715429 á reikninginn, en ákærði fyllti hann út að öðru leyti, eins og lýst er í þessum kafla ákæru, og notaði hann til að greiða Þórði Guðmunds-  
sýni, Fellsmúla 5, Reykjavík, fyrir gerð útvarpsauglýsingar fyrir skyndibita-  
staðinn Geifann-Grill. Stúlkan fylgdist ekki með innistæðu reikningsins, og  
hefur ákærði viðurkennt, að það hafi verið í höndum hans og beri hann  
ábyrgð á útgáfu tékkanna.

Með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins er sannað, að hann  
hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem lýst er í þessum kafla ákæru, og  
með því brotið gegn 248. gr. almennra hegningarlaga.

## XI.

Með bréfi, dags. 26. nóvember 1987, kærði Landsbanki Íslands til rann-  
sóknarlögreglu ríkisins vegna 8 víxla, útgefinna af ákærða f.h. Ísfjörðs hf.,  
samtals að fjárhæð kr. 605.000. Víxlana setti ákærði til tryggingar greiðslu  
á tékkaskuldum við Landsbanka Íslands, og setti hann þá sjálfur til inn-  
heimtu í Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibúi. Víxlunum er að öllu leyti  
rétt lýst í þessum kafla ákæru. Þeir voru ekki greiddir á gjalddögum, og  
hljóðaði kærán um fölsun á nafnrítunum samþykkjenda.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ritað sem samþykkjendur á víxlunum  
nöfn bræðra sinna, Bjarna M. Jóhannessonar og Guðmundar Hj.  
Jóhannessonar. Hann kveðst hins vegar hafa haft leyfi þeirra til þess. Því  
hafa þeir báðir neitað.

Með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins er sannað, að hann  
hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem lýst er í þessum kafla ákæru. Varð-  
ar háttsemi ákærða refsingu samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra  
hegningarlaga.

## XII.

1. Ákærði útbjó skuldabréf með útgáfudag 5. febrúar 1987, að fjárhæð  
kr. 300.000, með 12 afborgunum á eins mánaðar fresti, í fyrsta sinn 15.  
mars 1987. Á bréfið ritaði hann nöfn sem hér greinir: Bjarni M. Jóhannes-  
son sem útgefanda, Jóhannes Bj. Bjarnason og Sigurbjörg Gísladóttir sem  
sjálfskuldarábyrgðaraðila og Páll Sigurðsson og Guðmundur Jóhannesson  
sem votta. Hann seldi skuldabréfið hjá Ávöxtun sf., Laugavegi 97, Reykja-  
vík, 9. febrúar 1987 og fékk greitt fyrir það kr. 268.853,80, sem hann ráð-  
stafaði í eigin þágu.

2. Ákærði útbjó skuldabréf með útgáfudag 30. desember 1986, að fjár-  
hæð kr. 600.000, með 8 jöfnum afborgunum á þriggja mánaða fresti, í  
fyrsta skipti 2. apríl 1987. Á bréfið ritaði hann nafnið Guðmundur Jóhann-  
esson sem útgefanda. Skuldabréfið notaði ákærði til greiðslu skuldar við  
Finn Veturliða Magnússon, Furugrund 79, Kópavogi.

3. Ákærði útbjó skuldabréf með útgáfudag 30. desember 1986, að fjárhæð kr. 600.000, með 8 jöfnum afborgunum á þriggja mánaða fresti, í fyrsta skipti 2. apríl 1987. Á bréfið ritaði ákærði nafnið Sigurbjörg Gísladóttir sem útgefanda bréfsins og notaði það til greiðslu skuldar við Finn Veturliða Magnússon, Furugrund 79, Kópavogi.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa gerst sekur um háttsemi þá, sem lýst er í þessum kafla ákæru, en borið, að hann hafi haft leyfi til nafnritana: á skuldabréf tl. 1 frá bróður sínum, Bjarna M. Jóhannessyni, sambýliskonu, Sigurbjörgu Gísladóttur, og föður, Jóhannesi Bj. Bjarnasyni, á skuldabréf tl. 2 frá bróður sínum, Guðmundi Jóhannessyni, á skuldabréf tl. 3 frá sambýliskonu sinni, Sigurbjörgu Gísladóttur. Um framburð Sigurbjargar vísast til þess, sem greinir í kafla V.A hér að framan. Bjarni M. Jóhannesson (sic) hefur skýrt svo frá, að hann gerði fastlega ráð fyrir, að hann hafi ritað nafn sitt. Verður við það að miða, að ákærði hafi haft samþykki þeirra til ritunar nafna þeirra og því eigi unnið til refsingar með þeim nafnritunum.

Guðmundur Jóhannesson og Bjarni M. Jóhannesson hafa neitað að hafa veitt ákærða leyfi til ritunar nafna þeirra. Með þeim nafnritunum og ritun nafns Páls Sigurðssonar á skuldabréf, sem ákærði notaði í viðskiptum eins og lýst hefur verið, hefur hann unnið til refsingar samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

### XIII.

Ákærði lagði inn til Hlutafélagaskrár og firmaskrár Kópavogs 3 tilkynningar, eftir að hafa falsað á þær nafnritanir sem hér greinir:

1. Tilkynning um hlutafélag, dags. 6. október 1983, um félagið Ísfjörð hf., umboðs- og heildverslun. Á tilkynninguna ritaði ákærði í dálk fyrir rithandarsýnishorn nafnið Hjaltlína Agnarsdóttir.

2. Tilkynning um hlutafélag, dags. 22. apríl 1986, um félagið Hallco hf. Á tilkynninguna ritaði ákærði í dálk fyrir rithandarsýnishorn nöfnin Sigurbjörg Gísladóttir, Jóhanna Jóhannesdóttir og Bjarni M. Jóhannesson og í dálk fyrir upplýsingar um, hverjir rita firmað, nafnið Sigurbjörg Gísladóttir.

3. Tilkynning til firmaskrár, dags. 1. júní 1987, um félagið Firmsöluna, Hamraborg 12, Kópavogi. Á tilkynninguna ritaði ákærði í dálk fyrir upplýsingar um, hverjir rita firmað, nöfnin Jóhannes Bj. Bjarnason og Sigurbjörg Gísladóttir og undir tilkynninguna Jóhannes Bj. Bjarnason.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa gerst sekur um þá háttsemi, sem lýst er í þessum kafla ákæru. Varðandi nafnritun móður sinnar, Hjaltlínu Agnarsdóttur, 1. tl., tók hann fram, að hann myndi ekki, hvort hann ritaði nafn hennar eða hvort hún gerði það sjálf, en hafi hann skrifað nafnið,

hafi hann haft til þess samþykki, og hið sama sé að segja um þær tilkynningar, sem um ræðir í tl. 2. og 3. Hjaltlína Agnarsdóttir kveðst ekki muna, hvort hún ritaði nafn sitt. Jóhannes Bj. Bjarnason, faðir ákærða, kannaðist við að hafa ritað nafn sitt undir tilkynningu til firmaskrár, 3. tl. Um almennt samþykki Sigurbjargar Gísladóttur, sambýliskonu ákærða, vísast til þess, sem um það greinir í kafla V. Samþykki viðkomandi aðila til ritunar ákærða á nöfnum þeirra skiptir ekki máli, þar sem um rithandarsýnishorn var að ræða, og varða brot ákærða að þessu leyti, sem sönnuð eru með framburði hans og öðrum gögnum málsins, við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

#### XIV.

Vitnið Finnur Veturliði Magnússon, eigandi verslunarinnar Hreiðursins, Reykjavík, hefur skýrt svo frá, að hann hafi þekkt ákærða, frá því þeir ólust upp samtíða á Ísafirði. Þeir hafi síðan ekki hist í fjöldamörg ár fyrr en um vorið 1985. Þá hafi ákærði sagt sér frá því, að hann starfaði aðallega við að aðstoða verslanaeigendur við að leysa út vörur úr tolli, og verið með ýmsar lýsingar á velgengni sinni í þeim viðskiptum. Bauðst ákærði til að aðstoða hann, ef á þyrfti að halda, sem hann þáði. Afhenti hann ákærða víxla samþykkt af sér f.h. verslunarinnar Hreiðursins. Átti andvirði þeirra að notast til að leysa vörur verslunarinnar út úr tolli, en á annan veg fór, því að ákærði nýtti andvirði víxlanna í eigin þágu, án þess að vörurnar væru leystar út. Einn þessara víxla var með gjalddaga 15. mars 1987. Þegar kom að gjalddaga, bað hann ákærða að framlengja víxilin, sem ákærði samþykkti, þótt síðar kæmi í ljós, að hann hafði engan ráðstöfunarétt yfir víxilinum. Í því sambandi lét vitnið ákærða hafa víxla þá og tékka, sem um ræðir í þessum kafla ákæru. Ætlunin var, að verðmæti þeirra gengi til greiðslu fyrrgreinds víxils. Í raun var tékki dags. 30. apríl 1987 notaður til að greiða víxil sömu fjárhæðar og með sama gjalddaga og tékki dags. 15. maí 1987 sömuleiðis til greiðslu víxils sömu fjárhæðar og með sama gjalddaga. Andvirði víxlanna var hins vegar ekki notað til að greiða víxilin að fjárhæð kr. 280.000. Síðar gerði ákærði upp við vitnið með 3 skuldabréfum, hverju að fjárhæð kr. 600.000, sbr. XII. kafla ákæru, 2. og 3. tl.

Sýkna ber ákærða af ákæru um að hafa dregið sér tékka að fjárhæð kr. 156.800 og kr. 162.400, þar sem hann notaði þá til að greiða víxla sömu fjárhæða, en sannað er með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að hann dró sér andvirði víxlanna. Varðar háttsemin við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

#### C.

Sakaferill ákærða er samkvæmt sakavottorði þannig:

[Ákærði var 1968 dæmdur í 6 mánaða skilorðsb. fangelsi fyrir skjalafals, 1971 í 1 árs fangelsi fyrir skjalafals, fjársvik o.fl., 1974 í 18 mánaða fangelsi

fyrir fjársvik o.fl. og 1985 í 4 mánaða fangelsi fyrir fjársvik. Auk þess hefur hann sætt þremur refsidómum fyrir umferðarlagabrot. Hann hefur 8 sinnum sæst á greiðslu sekta, þar af einu sinni fyrir fjársvik.]

Ákærði hefur að verulegu leyti bætt tjón, sem leitt hefur af háttsemi hans, m.a. að því er lýtur að ákæru A. Lýst var yfir af hálfu vitnanna Sigríðar Rutar Thorarensen og Finns Veturliða Magnússonar, að þau hefðu engar bótakröfur fram að færa á hendur ákærða. Bótakröfu, sem Svala Haukdal setti fram við RLR, andmælti ákærði fyrir dómi, þar sem hún væri þegar greidd. Hún sinnti ekki áskorun um ítrekun kröfunnar, og skyldu viðeigandi víxlar fylgja kröfunni.

Refsing ákærða þykir, með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, hæfilega ákveðin fangelsi í 20 mánuði.

Iðnaðarbanki Íslands hf. hefur gert bótakröfu (ákæra B., kafli I) að fjárhæð kr. 280.624 ásamt dráttarvöxtum frá 4.2. 1985 til greiðsludags. Ákærði hefur samþykkt kröfuna, og verður hún tekin til greina ásamt vöxtum, sem greinir í dómsorði.

Landsbanki Íslands hefur gert bótakröfu (ákæra B., kafli VIII) að fjárhæð kr. 589.250 með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá innlausnardegi tékka til greiðsludags. Ákærði hefur samþykkt kröfuna, og verður hún tekin til greina ásamt vöxtum, sem greinir í dómsorði.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 100.000.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Hallgrímur Jóhannesson, sæti fangelsi í 20 mánuði.

Ákærði greiði bætur: 1) Iðnaðarbanka Íslands hf. kr. 280.624 ásamt 3,75% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 4. febrúar 1985 til 1. mars s.á., en síðan 4% til 1. júní s.á., en síðan 3,5% til 1. september s.á., en síðan 3,75% til 1. mars 1986, en síðan 2,75% til 1. apríl s.á., en síðan 2,25% til 1. mars 1987, en síðan 2,5% til 14. apríl s.á. og með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, 2) Landsbanka Íslands kr. 589.250 með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga frá 1. júlí 1987 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 100.000.

**Dómur sakadóms Keflavíkur 27. nóvember 1989.**

Ár 1989, mánudaginn 27. nóvember, er í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn er í skrifstofu dómsins, Hafnargötu 62, Keflavík, af Sigurði Halli Stefánssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í máli nr. 1657/1989: Ákærvaldið gegn Hallgrími Jóhannessyni. Það var dómtekið 20. þ.m.

Málið var höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 29. ágúst 1989, á hendur Hallgrími Jóhannessyni, Lyngholti 19, Keflavík, fæddum 22. júní 1948, „fyrir skjalafals, með því að hafa í maí 1985 notað eftirtalda sex falsaða víxla í viðskiptum:

1. Vixill nr. 028748, að fjárhæð kr. 150.000, dagsettur 14.5. 1985 með gjalddaga 15. júní 1985. Útgefandi H. Jóhannesson, heildverslun, Hallgrímur Jóhannesson. Greiðandi og samþykkjandi Jóhannes Bj. Bjarnason, Faxabraut 30, Keflavík. Ábekingur Eiríkur Hjaltason, Faxatúni 40, Garðabæ.

2. Vixill nr. 028749, að fjárhæð kr. 222.000, dagsettur 14.5. 1985 með gjalddaga 17. júní 1985. Útgefandi H. Jóhannesson, heildverslun, Hallgrímur Jóhannesson. Greiðandi og samþykkjandi Jóhannes Bj. Bjarnason, Faxabraut 30, Keflavík. Ábekingur Eiríkur Hjaltason, Faxatúni 40, Garðabæ.

3. Vixill nr. 028751, að fjárhæð kr. 150.000, dagsettur 14.5. 1985 með gjalddaga 15. júní 1985. Útgefandi Jóhannes Bj. Bjarnason, Faxabraut 30, Keflavík. Greiðandi og samþykkjandi H. Jóhannesson, heildverslun, pr. pr. Margrét Kjartansdóttir. Ábekingur Eiríkur Hjaltason, Faxatúni 40, Garðabæ.

4. Vixill nr. 028750, að fjárhæð kr. 150.000, dagsettur 14.5. 1985 með gjalddaga 15. júní 1985. Útgefandi Jóhannes Bj. Bjarnason, Faxabraut 30, Keflavík. Greiðandi og samþykkjandi H. Jóhannesson, heildverslun, pr. pr. Margrét Kjartansdóttir. Ábekingur Eiríkur Hjaltason, Faxatúni 40, Garðabæ.

5. Vixill nr. 028780, að fjárhæð kr. 222.000, dagsettur árið 1985 með gjalddaga 28. júní 1985. Útgefandi Guðmundur Sigurðsson, Sunnubraut 8, Höfn. Greiðandi og samþykkjandi H. Jóhannesson, heildverslun, Hallgrímur Jóhannesson. Ábekingur Eiríkur Hjaltason.

6. Vixill nr. 028781, að fjárhæð kr. 150.000, ódagsettur með gjalddaga 28. júní 1985. Útgefandi Jóhannes Bj. Bjarnason, Faxabraut 30, Keflavík. Greiðandi og samþykkjandi H. Jóhannesson, heildverslun, pr. pr. Margrét Kjartansdóttir. Ábekingur Eiríkur Hjaltason, Faxatúni 40, Garðabæ.

Á alla ofangreinda víxla falsaði ákærði nafn Eiríks Hjaltasonar, Faxatúni 40, Garðabæ, sem ábekingis og notaði víxlana til að fá fé að láni hjá Herði

Sigurvinssyni, sem hann notaði í þágu fyrirtækis síns H. Jóhannessonar, heildverslunar.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði heldur uppi vörnum. Þess er krafist, að honum verði dæmd vægasta refsing, sem lög leyfa, og að verjanda hans verði ákvörðuð hæfileg málsvarnarlaun.

Eiríkur Hjaltason, Faxatúni 40, Garðabæ, sneri sér til rannsóknarlög-reglu ríkisins þann 19. apríl 1989 með kæru, vegna þess að nafn hans hefði verið falsað sem ábekings á 6 víxla, sem hann lagði fram í myndritum.

Víxlunum er að öllu leyti rétt lýst í ákæru.

Innheimtuaðgerðir lögmannsstofu f.h. Harðar Sigurvinssonar, þá til heimilis í Ólafsvík, voru tilefni kæru Eiríks Hjaltasonar. Í bréfi skrifstofunnar til dómsins, dags. 31. október 1989, kemur fram, að víxlarnir hafi komið til innheimtu 17. september 1985 og innheimtubréf sent sama dag. Málum hafi verið stefnt og dómar gengið 8. og 25. nóvember 1985. Þá hafi Eiríkur haft samband og sagt nafnrítanir sínar á víxlunum vera falsaðar. Eftir það hafi hann ekkert gert sér til varnar, þótt gert hafi verið hjá honum fjárnám og uppboðs beiðst.

Ákærði var yfirheyrdur hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og að auki Jóhannes Bjarni Bjarnason, Faxabraut 30, Keflavík, faðir ákærða, Margrét Kjartansdóttir, Urðarstíg 12, Reykjavík, fyrrverandi starfsmaður H. Jóhannessonar, heildverslunar, og Guðmundur Kr. Sigurðsson, Sunnubraut 8, Höfn, Hornafirði. Tekin voru rithandarsýnishorn ákærða og Eiríks Hjaltasonar. Hér fyrir dómi gáfu skýrslur ákærði, Eiríkur Hjaltason og Hörður Sigurvinsson, nú til heimilis Vesturbergi 144, Reykjavík.

Ákærði viðurkenndi að hafa ritað nafn Eiríks Hjaltasonar sem ábekings á víxla þá, er ákæra lýtur að, án samþykkis Eiríks eða vitundar. Þetta hafi hann gert 14. maí 1985 í skrifstofu sinni, Laugavegi 66, Reykjavík, án þess að nokkrum öðrum væri um það kunnugt. Hann kvaðst hafa selt víxlana Herði Sigurvinssyni, sem hafi ekki vitað annað en að þeir væru að öllu leyti ófalsaðir. Andvirði víxlanna kvaðst ákærði hafa notað til að greiða skuldir fyrirtækis síns, og hafi enginn annar haft af þeim fjárhagslegan ávinning.

Framburður Eiríks Hjaltasonar og Harðar Sigurvinssonar var, að svo miklu leyti sem þeir gátu um borið, í fullu samræmi við skýrslu ákærða. Eiríkur Hjaltason kvaðst hafa rekið fyrirtækið Fáka sf. með ákærða fyrr á árum. Hann neitaði margsinis að hafa ritað nafn sitt á víxlana eða veitt leyfi til ritunar þess.

Með hreinskilningslegri (sic) játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem hann er ákærður fyrir, og með því brotið gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga 19/1940.

Að undanskildum dómsáttum, sem ákærði hefur gengist undir, og dómum, sem hann hefur hlotið fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum auk minni háttar hegningarlaga brota, er sakaferill hans samkvæmt saka-vottorði þannig:

— — —  
[Sjá bls. hér að framan.]

Ákærði hefur ekki greitt bætur. Hafa enda kröfur eigi verið gerðar á hendur honum. Gjaldþrotaskiptum bús hans lauk í desember 1987, og er hann eignalaus. Einkafirma hans, H. Jóhannesson, heildverslun, Hverfisgötu 78, Reykjavík, var afskráð 26. nóvember 1987.

Brot ákærða, sem fjallað er um í dómi þessum, voru framin fyrir upp-  
kvaðningu dóma 2. desember 1985 og 15. júní 1989. Ber því nú að dæma ákærða hegningarauka samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga, sem með hliðsjón af 77. gr. sömu laga og sakaferli ákærða þykir hæfilega ákveðinn 6 mánaða fangelsi. Dæma ber ákærða til að greiða allan sakar-  
kostnað, þar með talin málsvarnarlaun Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttar-  
lögmanns, 45.000 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Hallgrímur Jóhannesson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Páls Arnars Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 45.000 krónur.